

Ed.

429. Lög

um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 [*Slýsatryggingalög*].

(Afgreidd frá Ed. 21. ágúst).

1. gr.

Við 1. gr.

a. Liður 1 b orðist svo:

Fiskimenn og farmenn á róðrabátum og vélbátum minni en 12 smál.,
er stunda fiskveiðar og hverskonar flutninga.

b. Liður 2 a. Aftan við liðinn bætist:

Par með talin stjórn aflvéla við jarðvinnslu.

c. Liður 2 b. Aftan af liðnum falli:

„Þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvélar eru notaðar að staðaldri“.

2. gr.

Við 2. gr.

Fyrir „3 mönnum“ komi: forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins og 2 meðstjórnendum.

3. gr.

Við 3. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:

Það er bótaskyld slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í. — Til slysa teljast hverskonar fingurmeið og handarmeind, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu eða aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, að rekja megi orsakir þess til hennar.

4. gr.

Við 4. gr.

Aftan við a.-lið bætist: Auk þess skal greiða læknishjálp og $\frac{2}{3}$ hluta lyfja- og umbúðakostnaðar. Ef ágreiningur verður um upphæðina, sker slysatryggingin úr.

5. gr.

Við 5. gr.

Í staðinn fyrir „300 kr.“ (tvisvar) komi: 600 kr. — og í staðinn fyrir „600 kr.“ komi: 1200 kr.

6. gr.

Við 8. gr.

a. Aftan við málsgreinina bætist:

Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, þegar forföllin stafa ekki af bótaskyldu slysi, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.

b. Á eftir orðinu „róðrabáta“ í annari málsgrein bætist: og vélbáta minni en 12 smálestir.

7. gr.

Við 12. gr.

Á eftir 1. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Því aðeins ber að taka til greina og senda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt

er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd áður en eða samhliða því, að atvinnureksturinn var hafinn.

8. gr.

Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru tryggingarskyld samkv. 1. gr., hafa rétt til að tryggja sjálfa sig eða verkamenn sína gegn slysum. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, tilkynnt fyrirfram og iðgjöld greidd fyrirfram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

9. gr.

Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Ef vafi leikur á, til hvaða áhættuflokks heyrir tryggingarskyld vinna eða tryggingarskyld fyrirtæki samkv. 1. gr., eða frjáls trygging samkv. 16. gr., sker slysatryggingin úr því.

10. gr.

Breytingar þær, sem samþykktar verða, og sömuleiðis breytingar þær, er samþykktar hafa verið síðan 1929, skulu færðar inn i texta laganna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.